

63. þing Sundsambands Íslands
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
15. júní 2019

Þingskjal nr: 2019 - 06

63. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 15. júní 2019
Staðfestir tillögu stjórnar SSÍ um veitingu heiðursmerkja SSÍ.

Gullmerki

- Dýrleif Skjöldal fyrir sérstaklega ósérhlífna vinnu fyrir sundhreyfinguna í áratugi
- Hörður J. Oddfríðarson fráfarandi formaður SSÍ

Silfurmerki

- Glenn Moyle fyrir árangursríka uppbyggingu sundknattleiks á Íslandi

Þjónustumerki

- Þingfulltrúar á 63. sundþingi

Greinargerð

Gull- og silfurmerki SSÍ – skal vera ýmist fest í borða í íslensku fánalitinum eða vera barmmerki. Merkið er staðfest einkennismerki SSÍ eins og það er á hverjum tíma í gulli eða silfri – og skal grunnur vera í sama efni.

Gullmerki SSÍ má einungis veita íslenskum ríkisborgurum og skal einkum veitt þeim einstaklingum sem um lengri tíma hafa unnið afburða gott starf í þágu sundhreyfingarinnar eða skilað yfirburðaárangri meðal íslenskra sundmanna.

Silfurmerki SSÍ skal veita þeim sem unnið hafa framúrskarandi gott starf að málefnum sundhreyfingar eða hafa komið fram fyrir hönd Íslands á alþjóðlegum vettvangi sundhreyfingar. Einnig skulu sundmenn sem náð hafa viðurkenndum alþjóðlegum árangri hljóta silfurmerkið – og þar með allir þeir sem keppt hafa í sundi á Ólympíuleikum fyrir Íslands hönd.

Þjónustumerki SSÍ má afhenda stjórnarmönnum SSÍ, nefndarmönnum og fulltrúum SSÍ á þingum ÍSÍ og sérsambanda sem SSÍ er aðili að. Stjórn SSÍ er heimilt að veita einstaklingum þjónustumerki fyrir gott starf að sundmálum.